

Stjórn Héraðsbókasafns A-Húnavatnssýslu

FUNDUR – 17. mars 2011

Fimmtudaginn 17. mars 2011 kom stjórn Héraðsbókasafnsins saman til fundar á safninu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Katharina segir frá starfi safnsins og námi sínu.
2. Reikningar 2010 og fjárhagsáætlún f. 2011
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1.) Katharina sagði frá námi sínu en hún útskrifast með diploma í bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands nú í apríl. Hún taldi námið mjög gagnlegt fyrir sig og sá framá faglegra starf. Katharina sagði einnig frá nýrri tækni viðvirkjandi safnkosti, rafrænum bókum og fl. sem er að gerast í bókasafnsmálum. Undir þessum lið var rætt um safnnotkun sem er mjög góð um þessar mundir. Stefnt verður að því að setja niður markmið um stefnu safnsins í starfsháttum.

2.) Reikningar yfir árið 2010 lágu fyrir, stjórn yfirfór þá og samþykkti. Einnig lá fjárhagsáætlun fram til kynningar. Rekstrarafkoma safnsins var +134.864, tekjur rúmlega 4,5 mill. og gjöld rúml. 4,3 mill.

3.) Önnur mál. Stjórn ræddi um kennitölu safnsins, en safnið á sína eigin kennitölu og hefur átt til margra ára. Sú kennitala skal notuð fyrir safnið en ekki önnur. Opnunartími safnsins hefur verið aukinn um 4 tíma á þriðjudögum frá 1. mars.

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin. Fundi slitið.

Gréta Björnsdóttir
Stefanía Garðarsdóttir
Hlíf Sigurðardóttir
Þórunn Ragnarsdóttir
Katharina Schneider